# Ársskýrsla 2022

## Atvinnu- og byggðaþróun

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á **SUÐURNESJUM**

## *Reykjanesnesið er lífæð landsins,*
## *þar sem ægifegurð fylgir þér hvert fótmál*

Reykjanesið er auðugt landsvæði. Það hefur upp á að bjóða gott aðgengi að fiskimiðum, góðar hafnir, alþjóðaflugvöll, jarðvarma svo dæmi séu tekin. En það dýrmætasta sem við Reykjanesið á er óbeisluð orka mannauðsins og hana verðum við að virkja.

Nýsköpun mun varða leið, ekki bara Reykjanessins heldur alls Íslands í átt að enn sterkara samfélagi. Nýsköpun er ekki bara eitthvað sem við eigum að vera að ræða um á sunnudögum sem bera upp á sautjánda degi mánaðarins heldur eigum við að ræða um nýsköpun alla daga.

Nýsköpun er ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykill að öllum þeim áskorunum sem við munum standa frammi fyrir á komandi árum. Við getum ekki gengið endalaust á þær auðlindir sem við nýtum í dag. Það eru bara X margir þorskar í sjónum, það eru bara X mörg svæði sem við getum borað eftir orku. Við getum hins vegar búið til endalaust af verðmætum með því að hugsa hlutina upp á nýtt, þar stoppar okkur ekkert nema okkar eigin hugur.

***Berglind Kristinsdóttir***

***Framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum***

# Íbúaþróun

Íbúar á Suðurnesjum hélt áfram að fjölga árinu 2022 en þeim fjölgaði um 3,25% á milli áranna 2021 og 2022. Alls voru 8.143 íbúar með erlent ríkisfang eða 28 % allra íbúa á Suðurnesjum. Íbúar á Suðurnesjum voru alls í árslok 29.108.




| | | Alls | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
| **Reykjanesbær** | **Alls** | 14.091 | 13.971 | 14.137 | 14.231 | 14.527 | 14.924 | 15.233 | 16.350 | 17.805 | 18.920 | 19.421 | 19.676 | 20.416 |
| **Grindavíkurbær** | **Alls** | 2.837 | 2.821 | 2.830 | 2.860 | 2.888 | 2.995 | 3.126 | 3.218 | 3.323 | 3.427 | 3.512 | 3.539 | 3.585 |
| **Sveitarfélagið Vogar** | **Alls** | 1.206 | 1.161 | 1.126 | 1.105 | 1.127 | 1.102 | 1.148 | 1.206 | 1.268 | 1.286 | 1.308 | 1.331 | 1.354 |
| **Suðurnesjabær** | **Alls** | 3.225 | 3.135 | 3.149 | 3.010 | 3.018 | 3.005 | 3.002 | 3.219 | 3.374 | 3.480 | 3.588 | 3.649 | 3.753 |

## Samsetning íbúa

Alls eru 72% íbúa með íslenskt ríkisfang, 13,9% með pólskt og 9,6% með önnur erlend ríkisföng. Á töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda einstaklinga af erlendu bergi brotin skipt niður á sveitarfélög á Suðurnesjum.

| | | Alls | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
| **Reykjanesbær** | **Alls** | 1.676 | 1.615 | 1.617 | 1.676 | 1.821 | 2.072 | 2.356 | 3.160 | 4.353 | 5.335 | 5.772 | 5.794 | 6.078 |
| **Grindavíkurbær** | **Alls** | 306 | 300 | 305 | 311 | 322 | 420 | 493 | 558 | 632 | 734 | 790 | 792 | 819 |
| **Sveitarfélagið Vogar** | **Alls** | 99 | 108 | 102 | 93 | 102 | 120 | 149 | 180 | 254 | 302 | 304 | 305 | 308 |
| **Suðurnesjabær** | **Alls** | 543 | 530 | 535 | 526 | 578 | 585 | 595 | 676 | 771 | 852 | 908 | 919 | 938 |

## Fjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldurshópum

Ef skipting milli kynja er skoðuð má sjá að 27% karla á Suðurnesjum eru með erlent ríkisfang en 20% kvenna eru með erlent ríkisfang. Leiða má líkum að því að þessi mismunur sé tilkomin vegna starfa í tengslum við Keflavíkurflugvöll.




## Búseta og flutningar til sveitarfélagsins

Ef búsetuflutningur er skoðaður má sjá að samsetning íbúa á milli sveitarfélaga er ekki einsleitur. Mikill munur er á því hvaðan íbúar sem flytja til Reykjanesbæjar koma og svo þeirra sem flytja til Sveitarfélagsins Voga.



# Starfsemi 2022

## Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fundaði 10 sinnum á árinu 2022. Auk þess var haldinn Vorfund S.S.S. 29.04.2022 en aðalfundur S.S.S. var haldinn í Sveitarfélaginu Vogum daganna 17.september 2022.

Á aðalfundi S.S.S. 2021 voru eftirfarandi tilnefndir í stjórn

Reykjanesbær:

1. Aðalmaður: Jóhann Friðrik Friðriksson
2. Varamaður: Kolbrún Jóna Pétursdóttir

Suðurnesjabær:

1. Aðalmaður: Laufey Erlendsdóttir
2. Varamaður: Einar Jón Pálsson

Grindavíkurbær:

1. Aðalmaður: Hjálmar Hallgrímsson
2. Varamaður: Guðmundur Pálsson

Sveitarfélagið Vogar:

1. Aðalmaður: Ingþór Guðmundsson
2. Varamaður: Birgir Örn Ólafsson

Sátu þau í stjórn fram á aðalfundi 17. September 2022 en þá voru eftirfarandi tilnefnd í stjórn:

Reykjanesbær:

- Aðalmaður – Friðjón Einarsson
- Varamaður – Guðný Birna Guðmundsdóttir

Suðurnesjabær:

- Aðalmaður – Anton Kristinn Guðmundsson
- Varamaður – Einar Jón Pálsson

Grindavíkurbær:

- Aðalmaður – Sverrir Auðunsson
- Varamaður – Ásrún Kristinsdóttir

Sveitarfélagið Vogar:

- Aðalmaður – Björn G. Sæbjörnsson
- Varamaður – Guðmann Rúnar Lúðvíksson

Fundir stjórnar S.S.S. fór fram bæði í fjarfundarkerfinu Teams og þegar hægt var að koma við í raunheimum. Það var við hæfi að fyrsti fundur á árinu 2022 var helgaður stefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda í sveitarstjórnarmálum en Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Samgöngu og sveitarstjórarráðuneytinu kynni stjórn S.S.S. aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaganna sem ber yfirskriftina ellefu skref inn í framtíðina.

Stjórn S.S.S. samþykkti samstarfssamning Hæfissetur ferðaþjónustunnar og Markaðsstofu Reykjaness/Áfangastaðastofu Reykjaness þann 19.janúar 2022.

Þann 11.febrúar 2022 sýknaði Landsdómur íslenska ríkið af kröfu um skaðabætur vegna missi hagnaðar vegna afturköllunar einkaleyfis á áætlunarleiðinni Flugstöð Leifs Eiríkssonar og höfuðborgarsvæðisins. Dómurinn telur að réttlætanlegt kunni að vera að stefnanda, eins og löggjafanum og Vegagerðinni, hafi í upphafi yfirsést að samkvæmt reglugerð EB. nr. 1370/2007 mætti ekki veita einkaleyfi til almennra farþegaflutning á þeim akstursleiðunum þar sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði veita fullnægjandi þjónustu.

S.S.S. eins og SSNA situr því uppi með halla af rekstri almenningssamgangna. Mikilvægt er að ná samtali við ráðherra málaflokksins vegna þessa en það hefur ekki tekist þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þessa efnis.

Stjórn S.S.S. skipaði fulltrúa í vinnuhóp vegna uppbyggingar hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Eins og áður hefur komið fram var Vorfundur S.S.S. haldinn þann 29. apríl og var yfirskrift hans, í átt að hringrásarhagkerfinu. Þáverandi formaður Ingþór Guðmundsson setti fundinn en dagskrá hans fjallaði m.a. um yfirvofandi breytingar í flokkun á sorps. Steinþór Þórðarson framkvæmdastjóri Kölku tók næst til máls en hann horfi á stóru myndina varðandi breytingar á Suðurnesja og þau atriði er þyrftu að skoða betur. Þær breytingar eru tilkomnar vegna lagabreytinga sem samþykktar voru til innleiðingar hringrásarhagkerfisins en þær taka gildi 1. janúar 2023. Breytingarnar munu hafa áhrif á hirðu sorps og skyldur almennings til flokkunar. Flokkun er forsenda aukinnar endurnýtingar og endurvinnslu. Áhersluatriði í þessum nýju lögum er -Borgað þegar hent er - og þarf að finna fyrirkomulag sem hentar best. Steinþór fór yfir undirbúninginn sem fram hefur farið hjá Kölku frá því að frumvarpið var lagt fram. Þótt mikið hafi verið fundað um þessi mál er margt ennþá óljóst. Við í Kölku stefnum á að allar línur um lausnir fyrir Suðurnes verði skýrar áður en sumarleyfistíminn gengur í garð sagði Steinþór. Einnig ræddi hann um Þjóðarbrennslu og stöðuna á því verkefni og vonast til að verkefnið endi á Suðurnesjum.

Freyr Eyjólfsson verkefnastjóri Sorpu var með góðar hugleiðingar um hringrásarhagkerfið en dagská lauk með kynningu Ólafs Kjartanssonar, framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs.

Stjórn S.S.S. tók undir bókun bæjarstjórnar Vestamannaeyja vegna mönnunar heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni en m.a. kom eftirfarandi fram;

> „Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að jafnt aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu á að vera grundvallaratriði í samfélagsuppbyggingunni. Sú er hins vegar ekki raunin fyrir fólk á landsbyggðinni í dag. Heilsugæslan á landsbyggðinni er undir mönnuð og aðgengi íbúa að grunnheilbrigðisþjónustu er skert. Það þarf að búa þannig um hnútana að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni geti mannað stöður heilbrigðisstarfsfólks þannig að þær geti veitt þá grunnheilbrigðisþjónustu sem þeim er ætlað. Þá liggur fyrir að flestar flóknar aðgerðir eru í dag einungis framkvæmanlegar á Landspítalanum. Það þarf að auka öryggi sjúklinga á landsbyggðinni með því að styrkja og breyta fyrirkomulagi sjúkraflugs m.a. með tilkomu sérhæfðrar sjúkraþyrlu og ákveða þarf staðsetningu flugvallar í Vatnsmýrinni til framtíðar. Þannig tryggjum við að allir landsmenn geti notið þjónustu Landspítalans með fullnægjandi hætti".

Stjórn S.S.S. tekur undir þessa bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja og áréttaði mikilvægi þess að halda upp nauðsynlegri grunnheilbrigðisþjónustu um allt land og sem og mikilvægi þess að geta mannað stöður lækna og annars heilbrigðisfólks allan sólarhringinn.

Stefnumótandi Byggðaáætlun 2022-2036 var lögð fram á árinu 2022. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum sendi inn umsögn um hana og var hún eftirfarandi:

> „Í aðgerðaráætluninni fyrir Byggðaáætlun eru tilgreind 43 verkefni. Landshlutasamtök sveitarfélaganna eru framkvæmdaaðilar í 5 af þeim verkefnum og samstarfsaðilar í 22 þeirra. Landshlutasamtök sveitarfélaganna hafa sýnt það í gegnum tíðina að þau eru traustsins verð þegar kemur að því að vinna verkefni á starfssvæðum sínum en það hafa þau m.a. gert í gegnum Sóknaráætlun, samninga um brothættar byggðir, vaxtarsvæði og Covid verkefni svo dæmi séu tekin.
>
> Samkvæmt framlagði áætlun er gert ráð fyrir því að framlag til sóknaráætlana lækki úr 569 milljónir króna niður í 451 milljón króna á árunum 2022-2026. Má því gera ráð fyrir því að öll viðbótarframlög falli niður og að grunnframlögin taki ekki mið að verðlagsþróun. Einnig kemur fram að skerða eigi framlög til atvinnuráðgjafa um 6 milljónir á þessu tímabili.
>
> Í byggðáætlun er einnig lagt til að hægt verði að sækja um í verkefnapotta til að vinna verkefni og hafandi sagt það þá hafa landshlutasamtökin mikla og þungar áhyggjur af því hvernig þau eigi að taka á sér fleiri verkefni, sem þau sannarlega treysta sér vel til að gera og hafa sýnt það, á sama tíma og dregið eru úr fjárframlögum til þeirra.
>
> Það er mikilvægt að fjármögnum byggðaáætlunar sé tryggð en stjórn S.S.S. telur það sé jafn mikilvægt að fjármunir til atvinnuráðgjafar og sóknaráætlunar séu einnig tryggðir en ekki skornir niður, þar sem ekki verði séð að aðgerðaráætlunin þ.e.a.s. þessi 43 verkefni nái að vera að veruleika án aðkomu landshlutasamtakanna.
>
> Stjórn Sambands sveitarfélaga fagnar framkominni byggðaáætlun 2022-2036 en lýsir yfir áhyggjum af lækkandi framlögum til atvinnuráðgjafa og til Sóknaráætlana landshluta.
>
> Í framlagði byggðaáætlun er lagt til að landshlutasamtök sveitarfélaganna taki að sér stærri hlutverk en áður. Því ber að fagna en á sama tíma er ekki hægt að leggja til að dregið verði úr fjárframlögum til fyrrnefndra aðila um leið og gerð er ríkari krafa um verkefnaábyrgða".

Ljóst er að tryggja þarf fjármuni til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni en þeir starfsmenn eru burðarás eigi þessi verkefni ná fram að ganga.

Á árinu 2022 var stofnaður undirbúningshópur vegna stafrænnar smiðju FAB LAB á Suðurnesjum. Gert er ráð fyrir því að hún verði komin í gagnið haustið 2023 en stefnt er að því að undirrita samning milli rekstraraðila 14.júní 2023. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hlaut 10 mkr. styrk úr Byggðaáætlun í verkefnið sem og mun setja fjármuni í gegnum áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja.

Skrifað var undir viðauka samning við Sóknaráætlun Suðurnesja við Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið. Ráðuneytið leggur fram fjármuni í sameiginlegt kolefnisbókhald sveitarfélaganna og verður Isavia aðili að þessu verkefni.

Stjórnin S.S.S. samþykkti á fundi sínum 15. nóvember 2022 að undirrita samning við Íslandsstofu um aukið samstarf vegna fjárfestingaverkefna. S.S.S. hefur miklar væntingar til samstarfsins.

Stjórn S.S.S. ræddi einnig hvort gera ætti breytingar á stjórn Heklunnar og þá hvort stjórn S.S.S. taki við verkefnum hennar, þar sem Heklan er rekin á kennitölu Sambandsins og stjórn S.S.S. því ábyrg fyrir samningum og rekstri hennar. Stjórn S.S.S. leggur til að þetta mál verði rætt á Vetrarfundi S.S.S, sem haldinn verður snemma árs 2023.

## Heklan – Atvinnuþróun

Stjórn Heklunnar starfsárið 2022 var skipuð eftirfarandi:

- Sigurgestur Guðlaugsson formaður (Reykjanesbær)
- Magnús Stefánsson varaformaður (Suðurnesjabær)
- Fannar Jónasson (Grindavíkurbær)
- Ásgeir Eiríksson (Sveitarfélagið Vogar)
- Pálmi Freyr Randversson (Kadeco)
- Guðmundur Pétursson (SAR)

Að loknum sveitarstjórnarkosningum 2022 bárust nýjar tilnefningar til stjórn Heklunnar frá sveitarfélögunum á Suðurnesjum og eru þær eftirfarandi:

- Styrmir Gauti Fjeldsted frá Reykjanesbæ
- Fannar Jónasson frá Grindavíkurbæ
- Gunnar Axel Axelsson frá Sveitarfélaginu Vogum
- Magnús Stefánsson frá Suðurnesjabæ

Auk þeirra eru í stjórn:

- Guðmundur Pétursson frá SAR
- Pálmi Freyr Randversson frá Kadeco

Stjórn Heklunnar lét vinna skýrslu um hagræn áhrif Suðurnesjalínu 2 en auk þess fjallaði hún um stöðu og áskoranir í orkumálum með vísan til markmiða og áherslan stjórnvalda í loftlagsmálum.

Niðurstöðu skýrslunnar segir m.a. „að þegar litið er til þátta er varða efnahagsþróun Suðurnesja, þá er átt við fólksfjölgun, fjárfestingu, orkuskipti o.þ.h., er mikilvægi Suðurnesjalínu 2 óumdeilt. Suðurnesjalína 2 er nauðsynleg forsenda þeirra efnahagslegu þróunar til framtíðar sem reifuð hefur verið í þessari skýrslu. Ef ekki verður af lagningu hennar verður orkuöryggi sem og orkuafhending dragbítur á slíka þróun.

Suðurnesjalína 1 hefur þjónað íbúum og atvinnulífi Suðurnesja vel á undanförnum áratugum en vöxtur svæðisins hefur leitt til þess að sú lína tryggir ekki orkuöryggi eða flutning mikið lengur. Til að hægt sé að nýta mörg þeirra tækifæra og hrinda í framkvæmd þeim fjárfestingaráforum sem liggja fyrir er ljóst að mikil þörf er á að tryggja raforkuflutning inn á svæðið. Hagaðilar sem rætt var við og eru í orkutengdum greinum hafa tekið undir slíkt í viðtölum einum rómi. Þeir lýsa yfir áhyggjum af núverandi stöðu og telja að vaxtartækifæri fari forgörðum verði orkuöryggi og afhending í uppnámi til framtíðar. Slíkt setur vexti efnahags Suðurnesja skorður og gæti dregið úr fjárhagslegri velferð íbúa til lengri tíma litið.

Miklir fjárhagslegir og efnahagslegir hagsmunir eru í húfi. Ef ekki verður af lagningu línurnar er ljóst að ekki verður af fjárfestingu upp á milljarða króna þótt aðeins sé litið til líftækniiðnaðar og gagnavera.

Þrátt fyrir að ekki yrði farið í ofangreindar fjárfestingar er náttúrulegur vöxtur svæðisins mikill og er umfram landsmeðaltal. Það þýðir að umtalsverða orku þarf til vegna uppbyggingar íbúðarbyggðar og vegna orkuskipta á næstu árum. Suðurnesjalína 2 er í forgangi stjórnvalda varðandi uppbyggingu flutningskerfis raforku. Vöxtur og viðgangur samfélagsins á Suðurnesjum er háður því að bætt verði úr".

Kadeco hefur látið vinna þróunaráætlun fyrir fyrrum varnarsvæði en hún nær einnig til fleiri atvinnusvæða sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Framkvæmdastjóri Kadeco kynnti áætlunina fyrir öðrum stjórnarmönnum Heklunnar en það er mikilvægt að hún eigi sér samfellu í öðrum áætlunum í atvinnumálum á Suðurnesjum.

## Samstarfsvettvangur sveitarfélaga og hagsmunaaðila

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er vettvangur samstarfs í landshlutanum og leiðir þar fyrir hönd samstarfs- og hagsmunaaðila á svæðinu m.a. jarðvang (Reykjanes Geopark) og áfangastaðastofu (Markaðsstofa Reykjaness). Markmið með þessu samstarfi er meðal annars að þróa og útbúa verkfæri til að styðja við og byggja undir frekari þróun í ferðamálum á svæðinu, verndun og uppbyggingu áningarstaða, skapa tækifæri til nýsköpunar og vöruþróunar, fræðslu og styrkingu staðarímyndar. Starfsmenn áfangastaðastofunnar og jarðvangsins eru einnig atvinnuráðgjafar.

### Markaðsstofa Reykjaness – áfangastaðastofa

Markaðsstofa Reykjaness er áfangastaðastofa landshlutans og er samstarfsvettvangur ríkis, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á svæðinu um þróun ferðamála og markaðssetningu á áfangastaðnum.

Hlutverk áfangastaðastofunnar er að stuðla að aukinni samhæfingu og stuðningi til að efla ferðaþjónustu og auka atvinnutækifæri í greininni, að vera leiðandi afl í markaðssetningu áfangastaðarins og þróun ferðaþjónustunnar í landshlutanum, að vera farvegur samstarfs til framkvæmda og stuðla að skilvirku innra samstarfi innan svæðisins.

Verkefni stofunnar eru fjölbreytt og snerta á öllum þáttum ferðamála svæðisins en miða öll að því að gera Reykjanesið að sjálfbærum og áhugaverðum áfangastað til að upplifa og njóta.

Stjórn Markaðsstofu Reykjaness er jafnframt stjórn SSS.

### Reykjanes Geopark – jarðvangur

Jarðvangurinn er samfélagssáttmáli um verndun jarðminja og sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins.

Hlutverk Reykjanes Geopark er að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Reykjanesi sem vinna sameiginlega að uppbyggingu UNESCO hnattræns jarðvangs á Reykjanesi.

Verkefni jarðvangsins miða að fræðslu innan jarðvangsins, vöruþróun og uppbyggingu áningarstaða.

Reykjanes jarðvangur hefur sína eigin stjórn en vinnur í nánu samstarfi við landshlutasamtökin og tengdar stofnanir.

## Atvinnuráðgjöf

Í lögum um Byggðastofnun er kveðið á um að stofnunin skipuleggi og vinni að ráðgjöf við atvinnuvegi á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Byggðastofnun hefur gert samning við sjö landshlutasamtök, þ.m.t. Samband sveitarfélag á Suðurnesjum.

Atvinnuráðgjafar landshlutasamtakanna veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum ýmsa ráðgjöf svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl.

Atvinnuráðgjafar veita hverjum aðila 10 klst. í ráðgjöf án þóknunar. Árinu 2022 fóru 1.229 vinnustundir í beina ráðgjöf og skiptast þær með eftirfarandi hætti á milli einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.




## Sóknaráætlun Suðurnesja

Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja voru 12 árið 2022. Nánari verkefnalýsingu er að finna hér á eftir en verkefni voru ýmist unnin undir hatti SSS, Heklunnar, Reykjanes Geopark, Áfangastaðastofu Reykjaness eða útvistuð hjá ábyrgðaraðilum.

1. Hacking Reykjanes

| | |
|---|---|
| Markmið | Markmið Hacking Reykjanes er að styðja við nýsköpun og sjálfbæra byggðarþróun og skapa lausnir sem styrkja svæðin og svæðisbundin vörumerki. |
| Verkefnalýsing | Hacking Hekla er fyrsta röð lausnamóta fyrir landsbyggðina sem ferðast hringinn í kringum landið. Vettvangurinn Hacking Hekla varð til árið 2020 og hélt fyrsta lausnamótið á Suðurlandi það haust, í kjölfarið Hacking Norðurland vorið 2021 og Hacking Austurland haustið 2021. |

| | |
|---|---|
| | Markmið Hacking Hekla er að styðja við nýsköpun og sjálfbæra byggðarþróun og skapa lausnir sem styrkja svæðin og svæðisbundin vörumerki. Verkefnið er framkvæmt af Hacking Hekla teyminu í samstarfi við Hugmyndaþorp.<br><br>Markmið Hacking Hekla er einnig að varpa ljósi á öfluga nýsköpun og frumkvöðlastarf sem þegar má finna á svæðinu. Verkefnið snýr að því að halda launsnarmót á Reykjanesi vorið 2022. Lagt er til að megin þema Hacking Reykjanes verði byggt á Sóknaráætlun Suðurnesja. Afurðir lausnamótsins geta verið stafræn lausn, vara, þjónusta, verkefni, hugbúnaður, vélbúnaður, markaðsherferð, eða annað í þeim dúr.. |

2. Ferðaleiðir á Reykjanesi

| | |
|---|---|
| Markmið | Markmið verkefnisins er að útbúa vörur tilbúnar til sölu fyrir ferðaþjónustu á Reykjanesi sem stuðla að því að lengja dvöl gesta á svæðinu. |
| Verkefnalýsing | Verkefnið miðar að því að móta samstarfsvettvang ferðaþjónustuaðila og stofnana á svæðinu til að vinna saman að mótun og uppsetningu ferðaleiða um Reykjanesið.<br><br>Verkefnið er verður til í framhaldi af vinnustofu sem haldin var vorið 2021 þar sem unnið var að uppfærslu og endurskoðun verkefna í áfangastaðaáætlun Reykjaness.<br><br>Virkja þarf ferðaþjónustuaðila á svæðinu til samstarfs og samvinnu við að bjóða uppá samsettar ferðir um svæðið og auðvelda viðskiptavinum og gestum svæðisins að setja saman ferðir út frá m.a. áhugasviði og á ákveðnu þema leiðanna.<br><br>Þá þarf jafnframt að þróa kynningarefni í samræmi við hugmyndirnar sem koma fram og skipuleggja framsetningu og sýnileika.<br><br>Með verkefninu skapast efni sem nýtist ferðaþjónustuaðilum og sveitarfélögum til að móta enn frekar sínar vörur og þjónustu til kynningar á ferðaþjónustu áfangastaðarins, sveitarfélögum og öðrum fyrirtækjum í virðiskeðju ferðaþjónustunnar til frekari markaðssetningar á svæðinu. Efnið ýtir jafnframt undir jákvæða ímynd svæðisins og stolt íbúanna.<br><br>Með verkefninu er unnið að því að efla vöruþróun og nýsköpun innan greinarinnar til að skapa aukinn virðisauka fyrir ferðaþjónustuna og koma í veg fyrir hagleka. |

3. Matarkistan Reykjanes

| | |
|---|---|
| Markmið | Markmið verkefnisins er að efla tengslanet og samvinnu fyrirtækja í virðiskeðju matvælaframleiðslu á svæðinu og styðja þau í þeirri vegferð í eflingu gæða, vöruþróun og nýsköpun. Með því er ætlunin að stuðla að auknum virðisauka innan matvælahagkerfis Suðurnesja með sjálfbærni að leiðarljósi. Í lok verkefnatímans verður komið á virkur samráðsvettvangur hagsmunaaðila þar sem unnið verður að því að efla matvælahagkerfi Suðurnesja fyrir sterkari og jákvæðari upplifun gesta áfangastaðarins í gegnum mat. |
| Verkefnalýsing | Verkefnið miðar að því að koma á virkum vettvangi fyrirtækja í matvælahagkerfi Suðurnesja; framleiðenda, veitinga og tengdra aðila.<br><br>Unnið verður að kortlagningu aðila sem vinna að framleiðslu matvæla, veitingaaðila, aðila sem vinna að nýsköpun matvæla sem tengjast svæðinu.<br>Vinnustofa verður haldin á árinu, þar sem öllum hagsmunaaðilum matvælahagkerfis Suðurnesja verður boðin þátttaka. Markmið vinnustofunnar er að móta virkan samráðsvettvang fyrir frekari eflingu matvæla framleiðslu og framreiðslu á svæðinu, skapa vettvang fyrir samstarfsverkefni og mótun verkefna fyrir nánustu framtíð.<br><br>Vefsvæði Matarkistu Reykjaness, matarkistareykjaness.is, verður þróað áfram í samstarfi við framleiðendur og veitingaaðila.<br>Leitast verður jafnframt við að vinna verkefnið áfram í samstarfi við Nordic Food in Tourism, alþjóðlega samstarfsvettvang jarðvanga um Geofood og önnur matvælatengd verkefni á landsvísu.<br><br>Með verkefninu skapast efni sem nýtist til kynningar á ferðaþjónustu áfangastaðarins, sveitarfélögum og öðrum fyrirtækjum í virðiskeðju ferðaþjónustunnar til frekari markaðssetningar á svæðinu. Efnið ýtir jafnframt undir jákvæða ímynd svæðisins og stolt íbúanna. Með verkefninu er jafnframt unnið að því að efla vöruþróun og nýsköpun innan greinarinnar til að skapa aukinn virðisauka fyrir ferðaþjónustuna og koma í veg fyrir hagleka. |

4. Funda- og ráðstefnuaðstaða á Reykjanesi

| | |
|---|---|
| Markmið | Markmið verkefnisins er að kortleggja og gera sýnilega þjónustu og aðstöðu til funda- og ráðstefnuhalda á Reykjanesi. |
| Verkefnalýsing | Árið 2016 var þjónusta við fundar- og ráðstefnugesti kortlögð með það að markmiði að skoða hvaða möguleika svæðið hefði til ráðstefnuhalda og getu þess til að halda stóra viðburði með það að markmiði að fá viðburð eins og Vestnorden inn á svæðið. Niðurstaðan var að svæðið |

| | |
|---|---|
| | gæti hæglega tekið á móti ráðstefnum allt að 400 manna miðað við alla þjónustu í boði, t.d. fundarsala og herbergjafjölda með baði.<br><br>Verkefni sem komu inn á svæðið voru m.a. ráðstefna og fundur Norrænu ráðherranefndarinnar, alþjóðleg ráðstefna á vegum Reykjanes Geopark og Vestnorden sem halda átti haustið 2020 en vegna Covid var haldin á Reykjanesi haustið 2021.<br>Frá því að verkefnið fór upphaflega af stað hefur ferðaþjónusta á svæðinu og tengd þjónusta eflst og styrkst í þessum málaflokki og mikilvægt að endurskoða verkefnið og uppfæra þjónustukort og kynningarefni.<br><br>Unnið verður að því að endurkortleggja þjónustu við fundar- og ráðstefnugesti og gögnin uppfærð með tilliti til áherslna svæðisins í markaðsmálum og vöruþróun.<br><br>Kynningarefni og handbók til söluaðila verður gefinn út fyrir svæðið sem nýtist ferðaþjónustuaðilum til endursölu.<br>Kynningarefnið mun nýtast inn í verkfærakistu ferðaþjónustunnar á Reykjanesi.<br><br>Með verkefninu skapast efni sem nýtist ferðaþjónustuaðilum og sveitarfélögum til að nýta til að móta sínar vörur og þjónustu til kynningar á ferðaþjónustu áfangastaðarins, sveitarfélögum og öðrum fyrirtækjum í virðiskeðju ferðaþjónustunnar til frekari markaðssetningar á svæðinu. Efnið ýtir jafnframt undir jákvæða ímynd svæðisins og stolt íbúanna. Með verkefninu er jafnframt unnið að því að efla vöruþróun og nýsköpun innan greinarinnar til að skapa aukinn virðisauka fyrir ferðaþjónustuna og koma í veg fyrir hagleka. |

## 5. Umbótaáætlun Reykjanes Geopark

| | |
|---|---|
| Markmið | Fylgja eftir endurnýjun vottunar frá UNESCO á Reykjanes Geopark<br>Auka sýnileika Reykjanes Geopark |
| Verkefnalýsing | • Vinna að umbótum og fylgja eftir úttekt vegna endurnýjunar aðildar að UGG, UNESCO Global Geopark.<br><br>• Endurnýjun á kynningarefni fyrir RGP – Leiðarvísir og jarðfræðiupplýsingar fyrir jarðvanginn – Uppfæra heimasíðu jarðvangsins. Vinna kynningarefni sérstaklega fyrir jarðfræði svæðisins og útfæra einfaldað jarðfræðikort fyrir jarðvanginn. Einnig verði unnið að ferðahandbók/leiðarvísi fyrir jarðvanginn. Þá þarf að gera heildræna úttekt á skiltum jarðvangsins og uppfæra eldri skilti sérstaklega mt.t.t. merkja jarðvangsins.<br><br>• Skiltahandbók RGP og endurmörkun RGP – Að vinna sérstaka skiltahandbók fyrir Geoparkinn út frá Vegrúnu. Handbókin nýtist |

| | |
|---|---|
| | einnig sveitarfélögum og öðrum aðilum á svæðinu. Nýtt logo Unesco og reglur því tengdu kalla á endurmörkun jarðvangsins. Unnið verður að nýrri handbók fyrir Geoparkinn, stofnaðila og aðra tengda aðila.<br>• Stjórnunaráætlun RGP – Hefja undirbúning á stjórnunaráætlun jarðvangsins.<br>• Kynning á verkefnum jarðvangsins sem snúa að því að vekja athygli á göngu- og útivistarsvæðum |

6. Ensk útgáfa á fagefni S.S.S. og undirstofnanna

| | |
|---|---|
| Markmið | Markmið verkefnisins er að efla þjónustu og sýnileika SSS og undirstofnanna með því að gera upplýsingar og markaðs- og kynningarefni SSS, MSR, Heklunnar, RGP aðgengilegt á ensku. |
| Verkefnalýsing | Verkefnið snýr að því að endurskrifa og bæta þýðingu á efni vefanna, bæta enskan texta á efni RGP, MSR, Heklunnar og SSS. Skrifa faglegan texta fyrir mismunandi efnistök og miðla stofnanna. Auðveldar einnig þýðingu á fleiri tungumál. |

7. Samstarf um hreinsun stranda

| | |
|---|---|
| Markmið | Að vinna að hreinsun strandlengjunnar á Reykjanesskaganum |
| Verkefnalýsing | Undanfarin ár hefur Reykjanes Unesco Geopark staðið fyrir hreinsunarátaki á fjörum Reykjanesskagans. Verkefnin hafa verið unnin í samvinnu ýmissa félagasamtaka t.d. Bláa hersins, íþróttafélaga og ýmissa sjálfboðasamtaka. Blái herinn hefur tekið að sér verkstjórn í Jarðvangsviku Geopark en þá hefur þannig hefur verið vakin athygli á bæði á hugmyndum um Geopark sem og hringrásarhagkerfinu. Blái herinn sér um að flokka, endurvinna og koma í eyðingu því sem verður eftir.<br>Yfirskrift verkefnanna í ár verður plasthreinasta landhelgi í heimi. Sveitarfélög, félagasamtök og einstaklingar geta tekið þátt á sínum svæðum og skrá viðburðinn á „Hreinsum Ísland.“.<br><br>Auk þess verður unnið að því að kortleggja og skrásetja hreinsunarverkefni á Reykjanesi inn á kort Landmælingar Íslands eru að vinna fyrir Umhverfisstofnun. |

8. Kolefnisbókhald sveitarfélaganna á Suðurnesjum og Isavia

| | |
|---|---|
| Markmið | Að reikna losun gróðurhúslofttegunda sveitarfélaganna á Suðurnesjum í samvinnu við Isavia. |

| | |
|---|---|
| Verkefnalýsing | Verkefnið snýr að því að gera árleg sjálfbærniuppgjör þar sem dregnar eru saman helstu upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda og undirliggjandi áhrifaþætti í rekstri umræddra skipulagsheilda, þ.e.a.s. sveitarfélaganna á Suðurnesjum og Isavia.<br><br>Þegar það kemur að kolefnisuppgjöri sveitarfélags eru einkum tvær leiðir færar. Í fyrsta lagi að gera uppgjör í samræmi við Greenhouse Gas Protocol Corporate Standard. Í slíku uppgjöri er dregin saman sú losun sem verður til vegna reksturs sveitafélagsins sjálfs, þ.e. vegna eldsneytisnotkunar bifreiða í rekstri, orkunotkunar bygginga sveitarfélagsins, þess úrgangs sem fellur til í rekstri, flugferða starfsfólks og fleiri þátta.<br><br>Í öðru lagi er hægt að gera uppgjör í samræmi við Greenhouse Gas Protocol for Cities. Í slíku uppgjöri er ekki eingöngu horft á rekstur viðkomandi sveitarfélags. Öllu heldur er dregin saman sú makró-losun sem á sér stað innan landamarka sveitarfélagsins. Þarf í þessu samhengi að safna saman upplýsingum á borð við heildarraforkunotkun, heildarheitavatnsnotkun og heildarúrgangslosun sem á sér stað innan landamarka sveitarfélagsins.<br><br>Lagt er upp með að vinna verkefnið eftir fyrri aðferðarfræðinni, þ.e. það<br>tekur til þeirra losunar sem tengist rekstri sveitarfélagsins sjálfs.<br><br>Verkefnatillaga mun því miða við að sameiginlegt uppgjör þátttakenda verði gert í samræmi við Greenhouse Gas Protocol Corporate Standard. Byrjað verður á því að ná utan um losun í umfangi 1 (einkum eldsneytisnotkun), umfangi 2 (rafmagns- og heitavatnsnotkun) og losun vegna úrgangs í umfangi 3.<br><br>Verkþættir sjálfbærniuppgjörs eru eftirfarandi:<br>1. Undirbúningur:<br>• Skilgreining á skipulags- og rekstrarmörkum í samræmi við GHG Protocol Corporate Standard<br>• Skilgreining á viðeigandi lykilmælikvörðum<br>2. Gagnarýni<br>• Gloppugreining (e. Data gap analysis)<br>• Aðstoð við söfnun og innsetningu á umhverfisgögnum sem ekki koma í gegnum sjálfvirka gagnastrauma<br>• Gagnasöfnunaráætlun<br>• Yfirferð á réttmæti gagna og afstemming<br>3. Áritað sjálfbærniuppgjör |

| | |
|---|---|
| | • Gagnarýnisskýrsla<br>• Skilgreining á skipulags- og rekstrarmörkum í samræmi við GHG protocol<br>• Samantekt á lykilþáttum uppgjörs<br>• Tölulegt yfirlit yfir kolefnislosun og undirliggjandi notkunartölur<br>• Lýsing á aðferðafræði og skýringar |

9. Ímynd Reykjaness

| | |
|---|---|
| Markmið | Að styrkja ímynd Suðurnesja með sameiginlegu átaki og sömu skilaboðum í samstarfi við hagaðila. |
| Verkefnalýsing | • Áhersla verður lögð á að koma á framfæri jákvæðum fréttum af svæðinu og styðja við jákvæðar sögur í héraði<br>• Ná þarf betur til ungs fólks og kynna því möguleika á störfum og búsetu á svæðinu með því að halda árlega starfakynningu fyrir grunnskólanema á Suðurnesjum.<br>• Viðhaldið verður sameiginlegu markaðsefni fyrir sveitarfélög og fjölmiðla<br>• Lögð verði áhersla á að fjölga viðburðum og gestum í héraði. |

10. Fyrirtækjakönnun landshluta

| | |
|---|---|
| Markmið | Að kanna stöðu og horfur atvinnulífs á Suðurnesjum |
| Verkefnalýsing | Rafræn spurningakönnun til fyrirtækja í samstarfi allra landshluta sem ætluð er öllum þeim sem eru í sjálfstæðum atvinnurekstri; einyrkjum og stærri fyrirtækjum sem og stofnunum og öðrum sem hafa fólk í vinnu. |

11. Innleiðing hringrásarhagskerfisins – undirbúningshópur sveitarfélaganna

| | |
|---|---|
| Markmið | Markmið undirbúningshóps er að styðja við innleiðingu hringrásarahagkerfis, nánar tiltekið umfangsmikilla breytinga á úrgangsmeðhöndlun sem samkvæmt lögum skulu koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Hlutverk baklandshópsins er að vinna með Kölku sorpeyðingarstöð sf. að undirbúningi breytinganna, vera tengiliður milli Kölku og sveitarfélaga í þessu tilliti og liðka fyrir samtali sveitarfélaga, Kölku og íbúa á Suðurnesjum um yfirvofandi breytingar. |
| Verkefnalýsing | Kalka hóf undirbúning umræddra breytinga á síðasta ári. Það sem mun breytast er m.a. flokkun úrgangs á heimilum, sérsöfnun flokkaðs úrgangs á heimilum og grenndarstöðvum, gjaldtaka fyrir söfnun úrgangs og ráðstöfun hans (endurvinnsla og eyðing). Einnig munu taka gildi nýjar reglur um framleiðendaábyrgð og úrvinnslugjöld sem geta |

| | |
|---|---|
| | dregið mjög úr þrýstingi á kostnaðarhækkanir vegna breyttrar úrgangsmeðhöndlunar.<br><br>Undirbúningurinn er nú kominn á það stig að brýnt er að skoða ýmsar lausnir sem hafa munu áhrif á íbúa svæðisins. Það þarf að velja ílát og aðferðir við sorphirðu, skoða sorphirðutíðni, samspil söfnunar á heimilum og á grenndarstöðvum og fleira.<br><br>Þá reynir á samráð við nær samfélagið, bæði kynningu og fræðslu en einnig væri æskilegt að kanna hug íbúanna til margvíslegra álitamála sem tengjast sorphirðulausnum. Í því tilliti mætti bæði líta til kannana og rýnihópa. |

## 12. Innviðagreining – Invest in Reykjanes

| | |
|---|---|
| Markmið | Markmið er að uppfæra innviðagreiningu Heklunnar sem komin er til ára sinna og færa hana yfir í stafrænt viðmót. |
| Verkefnalýsing | Innviðagreining Heklunnar var unnin á árinu 2017, síðan þá hafa miklar breytingar átt sér stað á svæðinu. Bæði með tilliti til atvinnuhátta en ekki síður vegna fjölgun íbúa sem og samsetningu þeirra. Sveitarfélögin á Reykjanesi hafa unnið að sameiginlegri atvinnustefnu fyrir svæðið og er stefnt að því að fullljúka þeirri vinnu á árinu 2022. Þróunarfélaga Keflavíkurflugvallar, Kadeco er að leggja lokahönd á samkeppni um þróun á svæðinu í kringum Keflavíkurflugvöll og það er mikilvægt að vinna sveitarfélaganna og Kadeco verði sýnileg á einum stað. Ekki má heldur gleyma þeirri þróun í birtingu upplýsinga sem hefur átt sér stað frá því að Innviðagreiningin 2017 var unnin en unnið verður að því að uppfæra og birta upplýsingar á einfaldan og aðgengilegan hátt.<br><br>Innviðagreining eykur þekkingu á samsetningu atvinnulífs og fyrirtækja á svæðinu, og byggir grunn fyrir frekari vinnu við þróunarverkefni á sviði byggða- og atvinnuþróunar á svæðinu. |

## Námskeið og vinnustofur

Nokkur námskeið og vinnustofur voru haldnar á svæðinu í tengslum við þau verkefni sem unnin voru á árinu. Mjög góð þátttaka var almennt á viðburðina og niðurstöður þeirra nýttar til frekari framþróunar í verkefnunum. Meðal þeirra námskeiða og vinnustofa sem haldin voru árið 2022 voru eftirfarandi:

### Vinnustofa Eldfjallaleiðarinnar á Reykjanesi

Markaðsstofur Reykjaness og Suðurlands tóku höndum saman um að setja á laggirnar ferðaleið um suðurströnd Íslands sem leggur áherslu á eldfjöll og eldvirkni á svæðinu.

Ferðaleiðin, sem ber vinnuheitið Eldfjallaleiðin (The Volcanic way), er ætluð sem verkfæri heimamanna til þess að leiða framþróun í ferðaþjónustu ásamt því að draga fram núverandi innviði. Með því að stofna slíka ferðaleið sjáum við fyrir okkur að fá ferðamenn sem dvelja lengur og tengja betur við náttúru og samfélag. Eldfjallaleiðin er hönnuð með hag nær samfélagsins að leiðarljósi.

Opnar vinnustofur voru haldnar í nóvember og desember á Suðurlandi og Reykjanesi þar sem leitast ver eftir innleggi heimafólks og ferðaþjónustunnar um áherslur og áningarstaði. Góð þátttaka var á vinnustofunum og sköpuðust umræður í vinnuhópum sem nýtast inn í frekari þróun verkefnisins.

Verkefnisstjórar eru Vala Hauksdóttir hjá Markaðsstofu Suðurlands og Eyþór Sæmundsson hjá Markaðsstofu Reykjaness.

### Skemmtiferðaskip á Reykjanesi

Markaðsstofa Reykjaness hefur leitt samstarf um þróun og markaðssetningu á móttöku skemmtiferðaskipa á Suðurnesjum undanfarin ár. Árið 2022 var verkefnið endurskoðað og ákveðið að halda áfram með verkefnið í samstarfi við Reykjaneshafnir og Reykjanesbæ. Í október sótti verkefnastjóri ráðstefnu AECO í Osló í Noregi til að kynna sér starfsemi samtakanna og félagsmanna þeirra. En netverki AECO eru að mestu leiðsöguskip sem eru helsti markhópur Reykjaneshafnar sem hefur skilgreint höfnina aðeins fyrir minni skemmtiferðaskip.

Í samstarfi við AECO, Reykjaneshafnir og Reykjanesbæ var ákveðið að halda vinnustofu með íbúum og fyrirtækjum úr sveitarfélaginu til að setja upp leikreglur eða einskonar samfélagssáttmála fyrir komandi skemmtiferðaskipafarþega. Vinnustofan var vel sótt og verður sáttmálinn tilbúinn til kynningar í upphafi árs 2023.

Á árinu var jafnframt undirritaður samstarfssamningur við AECO um að vinnan að og útbúa „Cruise ready“ handbók fyrir samfélög sem taka á móti skemmtiferðaskipum. Um er að ræða handbók um móttöku skemmtiferðaskipa á Reykjanesi sem hægt verður að yfirfæra á önnur svæði og hafnir. Áætlað er að vinna við handbókina verði lokið haustið 2023.

### Virkniþing

Virkniþing Suðurnesja var haldið 9. nóvember 2022. Á Virkniþinginu kynntu frjáls félagasamtök, ríki og sveitarfélög starfsemi sína með kynningarbásum. Alls voru 36 kynningaraðilar.

Starfsfólk í velferðar- og heilbrigðisþjónustu sem vinna með íbúum Suðurnesja var sérstaklega hvatt til þess að mæta og kynna sér framboð á virkni á Suðurnesjum. Auk þess sem Virkniþingi var opið öllum íbúum á Suðurnesjum. Virkniþingsstjóri var Hallbjörn Valgeir Rúnarsson, þroskaþjálfi, deildarstjóri á atvinnu- og virknisviði Sólheima og Sandgerðingur, betur þekktur sem Halli Valli.

Markmið og tilgangur með Virkniþinginu var eftirfarandi:

- Auka virkni íbúa - Hvetja íbúa til að fara í virkni, taka virkan þátt í samfélaginu
- Auka gegnsæi og skapa tengsl
- Að íbúar, sérstaklega starfsfólk sem vinnur með íbúum, séu meðvituð um framboð á virkniúrræðum

Áætlað er að um 350-400 gestir hafi heimsótt Virkniþingið á meðan því stóð. Send var út spurningakönnun á þátttakendur til þess að veita viðburðinum endurgjöf, það voru 75% þátttakenda sem tóku þátt í könnuninni.

Allir þátttakendur voru ánægðir með daginn, og gáfu Virkniþinginu í heild sinni meðaleinkunnina 9. Mikil ánægja var með skipulagningu, undirbúning og upplýsingagjöf í aðdragandi Virkniþingsins.

Allir þátttakendur myndu vilja sjá Virkniþingið endurtekið, ýmist á árinu 2023 eða 2024.





**Velferðarnet Suðurnesja** (10 vinnustofur)
Sveitarfélögin á Suðurnesjum og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum vinna saman að verkefni sem ber heitið Velferðarnet Suðurnesja ásamt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Lögreglunni á Suðurnesjum, Sýslumanninum á Suðurnesjum og skrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum.





Haustið 2022 hófst námskeiðaröð í boði innan þess verkefnis fyrir allt starfsfólk á starfsstöðum fyrrnefndra opinberra þjónustuaðila, sérstök áhersla er lögð á að ná til starfsfólks sem starfar í framlínu stofnananna og sveitarfélaganna. Námskeiðið var þróað hjá Fjölmenningarsetri Íslands og hefur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekið að sér námskeiðahaldið.

### Vörðum leiðina saman

Innviðaráðuneytið, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, stóð fyrir átta samráðsfundum (fjarfundum) í október 2022 undir yfirskriftinni „*Vörðum leiðina saman*. " Fundirnir voru liður í samhæfingu ráðuneytisins á sviði stefnumótunar í málaflokkum byggða-, húsnæðis-, samgöngu-, skipulags- og sveitarstjórnarmála. Öllum var velkomið að taka þátt í fjarfundunum.

Á fjarfundunum var kastljósinu beint að framtíðaráskorunum í málaflokkum ráðuneytisins. Meginviðfangsefni þeirra voru umræður um stefnumótun í samgöngum, sveitarstjórnarmálum og húsnæðis- og skipulagsmálum. Einnig verður nýsamþykkt byggðaáætlun kynnt.

Fundurinn á Suðurnesjum fór fram 27. október og sjá má frétt um niðurstöður fundanna inn á vef Stjórnarráðsins.

### Hacking Reykjanes

Rafræna lausnarmótið Hacking Reykjanes fór fram dagana 17 – 19. mars 2022. Lausnamótið er vettvangur fyrir hugarflug nýrra hugmynda og opið öllum sem hafa áhuga á nýsköpun á Suðurnesjum. Þátttakendur voru um 30 talsins og fengu það verkefni í hendur að vinna með og þróa lausnir við fjórum áskorunum:

- **Orka og jarðhiti:**
  Hvernig getum við aukið verðmætasköpun með því að nýta orkuna á Reykjanesi?
- **Sjávarútvegur og bláa hagkerfið:**
  Hvernig getum við stuðlað að nýsköpun og þróun í sjávarútvegi og tengdum greinum?
- **Hringrásarhagkerfið og fullvinnsla afurða:**
  Hvernig getum við aukið verðmætasköpun þvert á atvinnugreinar með aukinni fullvinnslu afurða til að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi?
- **Alþjóðlegur flugvöllur og þjónusta:**
  Hvar liggja tækifærin í nýsköpun og aukinni þjónustu í tenglum við alþjóðaflugvöll, ferðaþjónustu og þjónustu við farþega og flug?

Markmið lausnamótsins var að efla frumkvöðlastarf og sköpunarkraft á svæðinu og þannig stuðla að nýjum verkefnum og viðskiptatækifærum, en ekki síður ætlað að vekja athygli á því öfluga frumkvöðlasamfélagi sem er á Reykjanesi.

Þátttakendur hófu leika á fimmtudagskvöldi í hugarflugi og tengslamyndun. Á föstudeginum fengu þau leiðsögn reyndra sérfræðinga af öllu landinu sem skipuðu teymi mentora á lausnarmótinu auk þess sem þau fengu fræðslu í nýsköpunarferlinu og kynningu viðskiptatækifæra. Að lokum kynntu fimm teymi verkefni sín fyrir dómnefnd sem skipuð var Gunnhildi Erlu Vilbergsdóttur formanni Eignarhaldsfélags Suðurnesja, Ástu Kristínu Sigurjónsdóttur framkvæmdastjóra Íslenska ferðaklasans, Þór Sigfússyni stofnanda Íslenska Sjávarklasans og Höllu Hrund Logadóttur orkumálastjóra.



Úrslit lausnarmótsins Hacking Reykjanes voru tilkynnt í beinu streymi frá Bláa Lóninu á lokadeginum. Verkefnið Hringasveppir bar sigur úr býtum auk þess sem verkefnið Keflvíkingur hlaut hvatningarverðlaun.

Við viljum þakka öllum bakhjörlum, stuðningsaðilum og dómnefnd fyrir þátttökuna en síðast en ekki síst þátttakendum sjálfum. Sérstakar þakkir fá Bláa Lónið og Kvikan Menningarhús í Grindavík.

**Frumkvöðlar í ferðaþjónustu – hvar á að byrja?**
Markaðsstofa Reykjaness í samstarfi við Íslenska ferðaklasann, Hekluna og frumkvöðlasetrið Eldey stóðu fyrir námskeiði í febrúar fyrir frumkvöðla í ferðaþjónustu. Námskeiðið fór fram í gegnum fjarfundabúnað og var opið einstaklingum af öllu landinu. Um 20 manns tóku þátt.

Námskeiðið Frumkvöðlar í ferðaþjónustu - hvar á að byrja er sérsniðið að þeim sem vilja þróa viðskiptatækifæri og stofna fyrirtæki í ferðaþjónustu. Námskeiðið er fyrir alla sem hafa áhuga á nýsköpun í ferðaþjónustu, eru á fyrstu skrefunum með viðskiptahugmynd eða vilja skerpa á nýstofnaðri starfsemi.

Farið var yfir fyrstu skrefin í mótun og þróun nýrra hugmynda ásamt áætlanagerð, fjármögnun og kynningum. Námskeiðið fór fram í tveimur hlutum og tóku þátttakendur virkan þátt í gegnum umræður og stutt verkefni meðan á námskeiðinu stóð ásamt því að vinna heimaverkefni fyrir seinni hluta námskeiðsins.

Námskeiðinu stýrði Svava Björk Ólafsdóttir stofnandi RATA og Hacking Hekla en hún hefur yfir 8 ára reynslu úr stuðningsumhverfi frumkvöðla m.a. í kennslu í nýsköpun og frumkvöðlafræðum á háskólastigi, þróun og framkvæmd vinnustofa, hraðla (t.d. Startup Tourism & Vaxtarrými), lausnamóta og annarra verkefna innan nýsköpunarsamfélagsins hér á landi.

**Vinnustofur vegna gestastofa Reykjanes Geopark**
Uppbyggingarsjóður og Sóknaráætlun Suðurnesja styrkir verkefnið er snýr að því að stækka, auka fræðslugildi og efla gestastofur Reykjanes Geopark með það að markmiði að gera hana að eftirsóknarverðum stað til að heimsækja, hvort heldur sem er fyrir erlenda ferðamenn eða innlenda gesti. Með nýrri og uppfærðri gestastofu/sýningu opnast möguleiki til þess að bjóða skólahópa sérstaklega velkomna og fræðast um náttúru, menningu og sögu Reykjaness. Þarna skapast eining ný afþreying fyrir íbúa, ferðamenn og aðra gesti og hvetur fólk til þess að ferðast um svæðið og upplifa ægifagra náttúru og krafta sem einkenna Reykjanes Geopark. Á árinu 2021 lauk vinnu við svokallaðan concept/hugmyndafasa en á árinu 2022 voru 4 vinnustofur haldnar með hagaðilum Reykjanes Geopark en afraksturinn af þeim var notaður til þess að ljúka við handritagerð og fullvinnslu gestastofunnar. Gert er ráð fyrir því að ný gestastofa opni í Grindavík á 50 ára afmæli bæjarins 2024. Vinna er einnig hafin við uppfærslu á Gestastofu í Reykjanesbæ.

## Samstarfsverkefni

Samstarf við tengdar stofnanir er mikilvægur þáttur í starfseminni og eru verkefnin fjölbreytt. En öll miða þau að því að efla byggðaþróun innan landshlutanna og styðja við, efla og stuðla að tækifærum til virðisauka og vöruþróunar.

- **Norðanátt**

  Landshlutasamtökin á Norðurlandi stóðu að Norðanátt, fjárfestingahátíð á Siglufirði, vorið 2022. Í framhaldi af kynningu á verkefninu var ákveðið að opna hátíðina fyrir fyrirtækjum af öllu landinu og tóku landshlutasamtökin þátt í að kynna viðburðinn inn á sínum miðlum fyrir árið 2023.

- **Íslandsstofa**

  Mikið og gott samstarf er við Íslandsstofu á þeim sviðum sem stofnunin sinnir og þeirri þjónustu sem þau veita í nýsköpun, þróun og markaðsetningu erlendis. Meðal þeirra verkefna sem hafa verið fyrirferðamest eru undirbúningur og móttaka blaðamanna, fjárfestingar og markaðssetning erlendis í formi vinnustofa og sýninga sem áfangastaðurinn tekur þátt í. Þá veittu starfsmenn Meet in Reykjavík áfangastaðnum og Reykjanes Geopark ómetanlega aðstoð við að sækja um fyrir næstu ráðstefnu Evrópskra jarðvanga sem lið í áhersluverkefninu Ráðstefnur á Reykjanesi.

- **Mannamót Markaðsstofa landshlutanna**

  Mannamót Markaðsstofa landshlutanna er árleg ferðakaupstefna sem haldin er af Markaðsstofum landshlutanna. Markmið og tilgangur viðburðarins er að skapa vettvang þar sem ferðaþjónustufyrirtæki af landsbyggðinni fá tækifæri til að kynna sína þjónustu og vöruframboð fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.
  Viðburðurinn er í dag einn stærsti viðburður ferðaþjónustunnar á Íslandi og mikilvægur þáttur í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar.

- **Eldfjallaleiðin**

  Markaðsstofa Reykjaness og Markaðsstofa Suðurlands hófu samstarf um þróun ferðaleiðar með áherslu á eldfjöll og afleiðingar þeirra frá Reykjanesi í vestri að Öræfasveit í austri. Markmið með verkefninu er að þróa og móta efni til markaðssetningar og tók/verkfæri til vöruþróunar fyrir samstarfsfyrirtæki innan svæðanna. Nokkrar vinnustofur fóru fram í landshlutunum og þar á meðal ein á Suðurnesjum sem nýtast inn í áframhaldandi vinnu árið 2023. Sjá nánar í kafla um vinnustofur.

- **Ratsjáin**

  Ratsjáin var haldin að nýju eftir Covid, þar sem öllum landshlutum var boðin þátttaka í sameiginlegu námskeiði fyrir stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu. SSS tók þátt með áfangastaðastofunni og veittu þannig fyrirtækjum á Suðurnesjum tækifæri til þátttöku. Verkefnastjóri áfangastaðastofu Reykjaness var fulltrúi SSS í verkefninu, en fimm fyrirtæki tóku þátt af svæðinu að þessu sinni.

## Erasmus +

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er þátttakandi í nokkrum Erasmus+ verkefnum í gegnum samstarfsvettvanga SSS og Hekluna. Stærri verkefnin eru m.a. eftirfarandi:

- **Developing the Entrepreneurial Capabilities of Young Women (DECOY)**

  Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum f.h. Heklunnar sótti um styrk til Erasmus+ fyrir verkefnið: „Developing the Entrepreneurial Capabilities of Young Women" (DECOY) og lýtur að valdeflingu kvenna af erlendum uppruna á sviði frumkvöðlafærni við að koma eigin viðskiptahugmyndum í framkvæmd til að skapa sér atvinnu og lífsviðurværis.

  Umsóknin hlaut heildarstyrk að upphæð 120.000 EUR (16,6 milljónum ISK á núvirði - þar af nemur styrkur til Íslands 27.000 EUR) og mun S.S.S. stýra verkefninu. Verkefnið hófst þann 1. nóvember 2022 og er til 17 mánaða. Önnur þátttökulönd eru: Lamia í Grikklandi, Antalya í Tyrklandi, París í Frakklandi og Foggia á Ítalíu.

- **Upcycling**

  Reykjanes jarðvangur hlaut verkefnisstyrk uppá rúmar 320 þúsund evrur frá Erasmus+ fyrir verkefnið *Upcycling as a way to generate less waste and create value-added products in a creative way.* Styrkurinn var afhentur í október 2021 en hófst formlega í febrúar 2022 og stendur yfir fram í september 2024.

  Þetta er fyrsta Evrópuverkefni sem Reykjanes jarðvangur leiðir, en verkefnið snýr meðal annars að þróun og miðlun á námsefni fyrir leik- og grunnskóla til að vekja áhuga á loftslagsmálum og endurvinnslu með nýsköpun í huga. Verkefnið fellur vel að áherslum svæðisins í tengslum við hringrásarhagkerfið.

  Jarðvangsfyrirtækið Geocamp Iceland er samstarfsaðili í verkefninu og kemur til með að vinna að frekari útfærslu verkefna innan svæðisins með jarðvanginum. Aðrir samstarfsaðilar í verkefninu eru reynsluboltar í verkefnum sem snúa að þróun fræðsluefnis í skólum en þeir eru; Polygonal á Ítalíu, Nefinia í Hollandi, Open Europe á Spáni, Agrupamento de Escolas do Brreiro í Portúgal og Szkola Podstawowa im. Batalionow Chlopskich w Jaslikowie í Póllandi.

- **Rare Routes**

  Áfram var unnið í verkefninu "RARE R.O.U.T.E.S. sem vísar til Responsible Original Unpolluting Tourism Entrepreneurship" sem hófst árið 2020 og stendur til loka árs 2023. Markaðsstofa Reykjaness tekur þátt í samstarfsverkefninu, ásamt FAS og samstarfsaðilum á Ítalíu og Tyrklandi.

  Tilgangur þess er að deila góðum starfsvenjum í sjálfbæri ferðaþjónustu ásamt því að styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði með eflingu starfsnáms, þekkingu og færni þeirra sem leiðtogar og frumkvöðlar innan greinarinnar.

  Verkefnið er unnið í samstarfi við skóla og ferðaþjónustuaðila á Íslandi, Ítalíu og Tyrklandi og miðast við að styrkja samtarf milli skóla, sveitarfélaga, opinberra stofnana og fyrirtækja með það að markmiði að leiða saman færni og þekkingu nemenda í ferðaþjónustu við menningararf, umhverfismál og þá samfélagslegu arfleifð sem ferðaþjónustuaðilar styðjast við og nýta sér á ákveðnum svæðum.

## Svæðisskipulag Suðurnesja

Svæðisskipulag Suðurnesja fundaði fimm sinnum á árinu 2022.

Fulltrúar í Svæðisskipulagi Suðurnesja eru eftirfarandi:

- Guðmundur Björnsson – Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar (aðalfulltrúi)
- Steinþór Einarsson – Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar (varafulltrúi)
- Lilja Ósk Sigmarsdóttir- Grindavíkurbær (aðalfulltrúi)
- Birgitta Rán Friðfinnsdóttir – Grindavíkurbær (aðalfulltrúi)
- Ásrún Helga Kristinsdóttir – Grindavíkurbær (varafulltrúi)
- Hallfríður Hólmgrímsdóttir – Grindavíkurbær (varafulltrúi)
- Andri Rúnar Sigurðsson – Sveitarfélagið Vogar (aðalfulltrúi)
- Davíð Viðarsson – Sveitarfélagið Vogar (aðalfulltrúi)
- Gunnar Axel Axelsson – Sveitarfélagið Vogar (varafulltrúi)
- Jóna Kristbjörg Stefánsdóttir – Sveitarfélagið Vogar (varafulltrúi)
- Einar Jón Pálsson – Suðurnesjabær (aðalfulltrúi)
- Jón Ben Einarsson – Suðurnesjabær (aðalfulltrúi)
- Gísli Jónatan Pálsson – Suðurnesjabær (varafulltrúi)
- Laufey Erlendsdóttir – Suðurnesjabær (varafulltrúi)
- Gunnar Kristinn Ottósson – Reykjanesbær (aðalfulltrúi)
- Eysteinn Eyjólfsson – Reykjanesbær (aðalfulltrúi)
- Guðlaugur H. Sigurjónsson – Reykjanesbær (varafulltrúi)
- Róbert J. Guðmundsson – Reykjanesbær (varafulltrúi)
- Jón B. Guðnason – Landhelgisgæsla Íslands (aðalfulltrúi)
- Hera Sól Harðardóttir – Landhelgisgæsla Íslands (varafulltrúi)
- Sveinn Valdimarsson situr fundi nefndarinnar sem staðgengill forstjóra Isavia.

Formaður nefndarinnar er Eysteinn Eyjólfsson en Einar Jón Pálsson er varaformaður.

Í ljósi jarðhræringa á Reykjanesskaganum var ákveðið að stofna vinnuhóp um varavatnsból og samþykkti nefndin að HS orka leiði verkefnið en Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja tilnefni einn aðila frá hverju sveitarfélagi í hópinn.

Vinnuhópinn skipa:

- Gunnar Kristinn Ottósson (Reykjanesbær)
- Jón Ben Einarsson (Suðurnesjabær)
- Davíð Viðarsson (Sveitarfélagið Vogar)
- Sveinn Valdimarsson (Isavia)
- Atli Geir Júlíusson (Grindavíkurbær

Á fyrsta fundi ársins 2022 sem haldinn var þann 13. janúar hófst vinna við endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja.

Viðfangsefnin skipulagsins eru sex alls en þau eru:

| Viðfangsefni | Áherslur |
|---|---|
| Íbúaþróun* | Ákvörðun um hvort setja eigi fram stefnu um íbúðabyggð s.s. um framboð, tegund húsnæðis og tímabundnar lausnir. |
| Atvinna | Farið yfir framfylgd stefnu um sameiginleg atvinnusvæði. Metin þörf á breytingum á afmörkun svæða og stefnu um starfsemi á hverju þeirra. |
| Auðlindir | Leggja til varavatnsból á Suðurnesjum ásamt því að fara yfir afmörkun vatnsbóla og vatnsverndarsvæða.<br>Unnið að stefnu um aðra orkuvinnslu en jarðvarma, s.s. vindorku og virkjun sjávarfalla. |
| Veitur og samgöngur | Stefna um vistvænar samgöngur á Suðurnesjum, sem taka m.a. til orkuskipta og breyttra ferðavenja.<br>Stefna um megin legu innviða s.s. stofnlagna / raflína |
| Samfélag | Unnið með fyrirliggjandi greiningar á náttúru- og veðurvá til að stuðla að öruggi íbúa og atvinnulífs. |
| Loftslagsmál* | Mótuð loftslagsstefna fyrir Suðurnesin og helstu aðgerðir, þ.m.t. til kolefnisbindingar og samgangna. |

# Viðaukar

## Viðauki 1: Gagnatafla Suðurnes

Samantekt yfir verkefni og umfang sviða og undirstofnana Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir starfsárið 2022. Verkefnin miðast við áherslur og stefnur Sóknaráætlunar Suðurnesja, Áfangastaðaáætlun Reykjaness og Reykjanes UNESCO Global Geopark.

| | Mælikvarði | Gildi | Nánari lýsing/athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Þjónustustig atvinnuráðgjafar | Fjöldi stöðugilda innan atvinnuþróunar | 4,5 | Alls eru 4,5 stöðugildi sem sinna atvinnuráðgjöf. Ráðgjafar bera ábyrgð á mismunandi verkefnum innan sinnar sérþekkingar t.d. viðskiptafræðingur, ferðamálafræðingur, jarðfræðingur, íslenskufræðingur og fjölmiðlafræðingur |
| | Fjöldi atvinnuráðgjafa (ef annað en stöðugildi innan atvinnuþróunar) | | Auk atvinnuráðgjafa eru 4,2 stöðugildi innan landshlutasamtakanna er sinna þjónustu óbeint, t.d. móttaka, símsvörun og bókhald. |
| | Fjöldi starfsstöðva með fasta viðveru atvinnuráðgjafa | 1 | Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ. |
| | Fjöldi veittra vinnustunda innan atvinnuráðgjafar<br>Þar af:<br>• Fjöldi til einstaklinga/hópa<br>• Fjöldi til fyrirtækja<br>• Annað | | Ráðgjöf til einstaklinga/einyrkja 60% eða 743 vinnustundir.<br>Ráðgjöf til fyrirtækja 30% eða 332 vinnustund<br>Ráðgjöf til sveitarfélaga/stofnanna 10% eða 154 vinnustundir |
| | Þjónusta er aðgengileg í gegnum heimasíðu félagsins, sem og ítarlegar upplýsingar um ráðgjöfina | Já | www.sss.is<br>www.heklan.is |

<table>
<tr>
<td></td>
<td>Fjöldi auglýsinga/kynninga á atvinnuráðgjöfinni (s.s. fréttir á heimasíðu, samfélagsmiðlum, fréttamiðlum, viðburðum eða öðrum vettvangnum)</td>
<td>>50</td>
<td>
<table>
<tr><td>Auglýsing/deiling um þjónustu annarra, sjóðir og fleira. (t.d. Tæknisj./Rannís)</td><td>11</td></tr>
<tr><td>Þjónusta atvinnuráðgjafa kynnt á Facebook</td><td>6</td></tr>
<tr><td>Hádegisviðburðir á Facebook</td><td>1</td></tr>
<tr><td>Hacking Reykjanes</td><td>27</td></tr>
<tr><td>Heklupóstur/fréttabréf sent á netfangalista</td><td>4</td></tr>
<tr><td>Matsjáin - Facebook</td><td>2</td></tr>
<tr><td>Lóan - Facebook</td><td>1</td></tr>
<tr><td>Byggðastofnun – kynning á þjónustu Facebook.</td><td>1</td></tr>
<tr><td>Fræ</td><td>1</td></tr>
<tr><td>Hljóðriti/Sviðslistasjóður</td><td>2</td></tr>
<tr><td>Sóknaráætlun Suðurnesja/Uppbyggingarsjóður</td><td>5</td></tr>
<tr><td>Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka</td><td>1</td></tr>
<tr><td>Norðanátt</td><td>2</td></tr>
</table>
</td>
</tr>
<tr>
<td rowspan="3">Atvinnu- og byggðarþróunar-verkefni</td>
<td>Fjöldi veittra vinnustunda innan atvinnu- og byggðaþróunarverkefna</td>
<td></td>
<td>6.813 vinnustundir á árinu 2022.<br><br>Heildarfjöldi vinnustunda á ári hjá 4,5 starfsmönnum er 8.042 stundir en um 85% beinna vinnustunda fóru í atvinnu- og byggðaþróunarverkefni.</td>
</tr>
<tr>
<td>Hér geta félögin sett sjálf inn upplýsingar um helstu verkefni sem unnin voru á árinu innan atvinnu- og byggðarþróunar</td>
<td></td>
<td>1. Hacking Reykjanes<br>2. Ferðaleiðir á Reykjanesi<br>3. Matarkista Reykjanes<br>4. Funda- og ráðstefnuaðstaða á Reykjanesi<br>5. Umbótaáætlun Reykjanes Geopark<br>6. Ensk útgáfa á fagefni S.S.S. og undirstofnanna.<br>7. Samstarf um hreinsun stranda.<br>8. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja.<br>9. Ímynd Reykjaness.<br>10. Fyrirtækjakönnun landshluta.<br>11. Innviðagreining – Invest in Reykjanes<br>12. Eldey frumkvöðlasetur.<br>13. Skemmtiferðaskip á Reykjanesi</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="3"></td>
</tr>
<tr>
<td>Þekkingaryfi rfærsla innan</td>
<td>Fjöldi námskeiða og vinnustofa haldin innan starfssvæðis</td>
<td>18</td>
<td>• Skemmtiferðaskip á Reykjanesi<br>• Virkniþing<br>• Velferðarnet Suðurnesja (10 vinnustofur)</td>
</tr>
</table>

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | • Vörðum leiðina saman<br>• Hacking Reykjanes<br>• Eldfjallaleiðir á Reykjanesi<br>• Frumkvöðlar í ferðaþjónustu – hvar á að byrja?<br>• Vinnustofur vegna gestastofa Reykjanes Geopark |
| | Fjöldi samstarfsverkefna innan atvinnu- og byggðaþróunar | 5 | • Norðanátt<br>• Íslandsstofa – styrkir og þjónusta<br>• Mannamót<br>• Matsjáin<br>• Ratsjáin |
| | Fjöldi erlendra samstarfsverkefna | 3 | Erasmus+ verkefni:<br>• Rare Routes<br>• Upcycling (verkefnastjórn)<br>• Mundus Master Program<br>Auk þess eru starfsmenn sviða, Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark, þátttakendur í nokkrum öðrum verkefnum sem aukaaðilar og ráðgjafar. |
| | | | |

## Viðauki 2: Úthlutun 2022

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja úthlutaði styrkjum til 31 verkefnis árið 2022. Umsóknir sem bárust voru samtals 52 talsins og hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 146 milljónir króna. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs úthlutaði kr. 47.000.000.

Skiptingin milla flokka er með þessum hætti:

- Stofn og rekstur fá úthlutað 3.700.000. kr.
- Menning og listir fá úthlutað 21.800.000. kr.
- Atvinnu- og nýsköpun fær úthlutað 21.500.000. kr.

* Menningarverkefnið Ferskir Vindar var með þriggja ára samning og fékk úthlutað þriðja árið af samningnum eða kr. 4.000.000. kr.

### *Stofn og rekstur*

| Heiti verkefnis | Umsækjandi | Upphæð |
|---|---|---|
| Óskabrunnarnir þrír í Innri Njarðvík | Reykjanesbær | 1.700.000 |
| Verzlun Þorláks Benediktssonar Akurhúsum | Suðurnesjabær | 1.000.000 |
| Uppbygging á Bakka | Minja- og sögufélag Grindavíkur | 1.000.000 |

### *Menning og listir*

| Heiti verkefnis | Umsækjandi | Upphæð |
|---|---|---|
| Merking gamalla húsa í Garðinum | Ásgeir Magnús Hjálmarsson | 800.000 |
| Jazzfjélag Suðurnesjabæjar – tónleikaröð | Halldór Lárusson | 800.000 |
| Kynning á bókmenntaarfinum | Reykjanesbær | 700.000 |
| Safnahelgi á Suðurnesjum | Grindavíkurbær | 3.000.000 |
| Barnamenning í Reykjanesbæ | Reykjanesbær | 1.000.000 |
| Eldgosið í Fagradalsfjalli | Jón Rúnar Hilmarsson | 800.000 |
| Sálmaskáldið sr. Hallgrímur Pétursson | Margrét Tómasdóttir | 1.300.000 |
| Graffiti veggur | Lína Rut Wilberg | 300.000 |
| Íslenska Bítlið í Stórsveitarstíl | Stórsveit Íslands | 1.000.000 |
| Suður með sjó | Páll Ketilsson | 1.000.000 |
| Tónleikaröð í Hvalsneskirkju | Magnea Tómasdóttir | 800.000 |
| Mozart Requiem | Jóhann Smári Sævarsson | 1.500.000 |
| Stelpur filma á landsbyggðinni | Inga Margrét Jónsdóttir | 800.000 |
| Vita- sjóslysasýning við Reykjanesvita | Hollvinasamt. Reykjanesvita og nágrennis | 1.000.000 |
| Líð ég burt frá landi | Berta Dröfn Ómarsdóttir | 1.000.000 |
| Samstarf Listasafns Reykjanesbæjar og L.Í. | Helga Þórsdóttir | 500.000 |
| Óperuballett fyrir börn um Jólasveinana þrettán | Alexandra Chernyshova | 500.000 |
| Grindavíkurskip | Óskar Sævarsson | 1.000.000 |
| Ferskir vindar - Listahátíð | Ferskir vindar, menningarfélag | 4.000.000 |

### *Atvinna og nýsköpun*

| Heiti verkefnis | Umsækjandi | Upphæð |
|---|---|---|
| Möguleikar á nýtingu jarðhitakísils frá Reykjanesv. | GeoSilica Iceland hf | 2.000.000 |
| Saltberg – sælkera sjávarsaltflögur | Saltberg | 1.500.000 |
| 22.10 Brugghús | Steinþór Júlíusson | 1.250.000 |
| GeoLab – Færanlegar rannsóknarstofur á Reykjanesi | Arnbjörn Ólafsson | 1.000.000 |

| | | |
|---|---|---|
| Útrás með Lífsalt úr íslenskri nátturu | Arctic Sea Minerals ehf | 1.000.000 |
| Björgunarnetið Stakkur | Sæmundur Heimir Guðmundsson | 4.000.000 |
| Vöruþróun og markaðsetn. Litla Brugghússins | Litla Brugghúsið | 1.250.000 |
| Öryggiskrossinn – The Safety Cross | Mannvirki og malbik ehf | 4.500.000 |
| Mermaid – Geothermal Seaweed Spa | Mermaid ehf | 5.000.000 |

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
## Ársreikningur
## 2022

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skógarbraut 945
262 Reykjanesbæ
kt. 640479-0279

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
## Ársreikningur
## 2022

### Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-13 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hluthafa í Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

## Áritun óháðra endurskoðenda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 12. apríl 2023.

**Deloitte ehf.**

Birna María Sigurðardóttir
endurskoðandi

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á suðurnesjum fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er í eigu sveitarfélaganna á suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau.

**Starfsemin á árinu**

| | |
|---|---|
| Hagnaður (tap) félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam................................ | (8.691.133) |
| Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu......................................... | 355.183.681 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.......................................... | (3.340.702) |
| Eiginfjárhlutfall félagins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam................................ | -0,9% |
| Fjöldi ársverka á árinu nam........................................................................................ | 7 |

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á suðurnesjum koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á suðurnesjum staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 12. apríl 2023.

**Í stjórn**

Friðjón Einarsson
stjórnarformaður

Anton Kristinn Guðmundsson

Sverrir Auðunsson

Björn G. Sæbjörnsson

**Framkvæmdastjóri**

Berglind Kristinsdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | Áætlun 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 275.927.961 | 264.933.000 | 484.813.445 |
| Breyting á útlögðum kostnaði verkefna | | 30.320.062 | | (85.154.239) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (101.967.215) | (122.699.000) | (92.721.347) |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | | (15.830.881) | (624.000) | 1.171.402 |
| Styrkir | | (145.090.475) | (108.180.000) | (250.956.582) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (43.842.259) | (25.750.000) | (52.671.972) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (1.050.000) | 0 | (1.050.000) |
| **(Rekstrartap), rekstrarhagnaður** | | (1.532.807) | 7.680.000 | 3.430.707 |
| Fjármunatekjur | | 1.866.268 | 0 | 123.975 |
| Fjármagnsgjöld | | (9.024.594) | 0 | (4.912.272) |
| | 5 | (7.158.326) | 0 | (4.788.297) |
| **Tap ársins** | | (8.691.133) | 7.680.000 | (1.357.590) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| Eignir | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 80.850.000 | 81.900.000 |
| Fjárfestingarverðbréf | | 1.250.000 | 1.250.000 |
| | | 82.100.000 | 83.150.000 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Krafa vegna verkefna | | 115.516.477 | 94.120.088 |
| Viðskiptakröfur | | 5.123.031 | 6.864.216 |
| Kröfur á tengd félög | 9 | 66.186.870 | 57.152.591 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 590.804 | 821.872 |
| Handbært fé | | 97.566.499 | 124.121.058 |
| | | 284.983.681 | 283.079.825 |
| **Eignir** | | 367.083.681 | 366.229.825 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | (3.340.702) | 5.350.431 |
| **Eigið fé, (neikvætt)** | | (3.340.702) | 5.350.431 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 8 | 77.139.127 | 77.023.451 |
| Lífeyrisskuldbinding | 10 | 183.029.166 | 167.198.285 |
| | | 260.168.293 | 244.221.736 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 3.764.061 | 4.604.448 |
| Skuldir vegna verkefna | | 76.840.935 | 85.764.608 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 8 | 7.346.584 | 6.418.621 |
| Skuldir við tengd félög | 9 | 1.200.000 | 12.200.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 21.104.510 | 7.669.981 |
| | | 110.256.090 | 116.657.658 |
| Skuldir | | 370.424.383 | 360.879.394 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 367.083.681 | 366.229.825 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

| | Skýı | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| (Rekstrartap), rekstrarhagnaður | | (1.532.807) | 3.430.707 |
| Afskriftir | | 1.050.000 | 1.050.000 |
| Hækkun skuldbindinga | | 6.907.208 | 41.574.485 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 6.424.401 | 46.055.192 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | | (19.424.136) | 38.000.362 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 12.594.142 | (11.705.333) |
| Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta | | (405.593) | 72.350.221 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 1.866.268 | 123.975 |
| Greiddir vextir | | (1.413.757) | (1.213.502) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 46.918 | 71.260.694 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Hækkun á kröfum á tengd félög | | (9.034.279) | (19.051.982) |
| | | (9.034.279) | (19.051.982) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (6.567.198) | (6.008.270) |
| (Lækkun)/hækkun á skuldum við tengd félög | | (11.000.000) | 5.824.366 |
| | | (17.567.198) | (183.904) |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár | | (26.554.559) | 52.024.808 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 124.121.058 | 72.096.250 |
| Handbært fé í lok árs | | 97.566.499 | 124.121.058 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. október ár hvert.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Laun og annar starfsmannakostnaður ..................... | 101.967.215 | 92.721.347 |
| Meðalfjöldi stöðugilda ..................... | 7 | 8 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda félagsins á árinu 2022 námu 28,1 milljónum króna (2021: 26,4 milljónir króna).

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum ..................... | 1.298.479 | 91.893 |
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum ..................... | 6.898 | 4.342 |
| Fjármagnstekjuskattur ..................... | (287.183) | 27.740 |
| Gengismunur ..................... | 848.074 | 0 |
| | 1.866.268 | 123.975 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir ..................... | 0 | (186) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum ..................... | (8.897.375) | (4.739.859) |
| Önnur vaxtagjöld ..................... | (127.219) | (172.227) |
| | (9.024.594) | (4.912.272) |
| | (7.158.326) | (4.788.297) |

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir og lóðir | Samtals |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða 1.1.2022 | 84.000.000 | 84.000.000 |
| Staða 31.12.2022 | 84.000.000 | 84.000.000 |
| **Afskriftir** | | |
| Staða 1.1.2022 | 2.100.000 | 2.100.000 |
| Afskrift ársins | 1.050.000 | 1.050.000 |
| Staða 31.12.2022 | 3.150.000 | 3.150.000 |
| **Bókfært verð** | | |
| Staða 1.1.2022 | 81.900.000 | 81.900.000 |
| Staða 31.12.2022 | 80.850.000 | 80.850.000 |
| Afskriftarhlutföll | 1-6% | |

| Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig: | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 51.400.000 | 192.800.000 |

## 7. Eigið fé

| Eigið fé greinist þannig: | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2021 | 6.708.021 | 6.708.021 |
| Tap ársins | (1.357.590) | (1.357.590) |
| Eigið fé 1.1.2022 | 5.350.431 | 5.350.431 |
| Tap ársins | (8.691.133) | (8.691.133) |
| Eigið fé 31.12.2022 | (3.340.702) | (3.340.702) |

# Skýringar

## 8. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 84.485.711 | 83.442.072 |
| | 84.485.711 | 83.442.072 |
| Næsta árs afborg. langtímask. | (7.346.584) | (6.418.621) |
| Langtímaskuldir í árslok | 77.139.127 | 77.023.451 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
| Næsta árs afborganir | 7.346.584 | 6.418.621 |
| Afborganir 2024/2023 | 7.346.584 | 6.418.621 |
| Afborganir 2025/2024 | 7.346.584 | 6.418.621 |
| Afborganir 2026/2025 | 7.346.584 | 6.418.621 |
| Afborganir 2027/2026 | 7.346.584 | 6.418.621 |
| Afborganir 2028/2027 | 7.346.584 | 6.418.621 |
| Afborganir síðar | 40.406.207 | 44.930.346 |
| | 84.485.711 | 83.442.072 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1,2% | 1,2% |

## 9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| Viðskipti við tengd félög árið 2022: | 2022 | | 2021 | |
|---|---|---|---|---|
| | Kröfur | Skuldir | Kröfur | Skuldir |
| Reykjanes Jarðvangur | 1.048.395 | 0 | 635.863 | 12.200.000 |
| Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja | 51.968.319 | 0 | 48.260.466 | 0 |
| Markaðsstofa Reykjaness | 12.906.244 | 0 | 5.246.803 | 0 |
| Brunavarnir Suðurnesja | 0 | 1.200.000 | 225.000 | 0 |
| Kalka Sorpeyðingarstöð | 263.912 | 0 | 239.346 | 0 |
| Aðildarsveitarfélög | 0 | 0 | 2.545.113 | 0 |
| | 66.186.870 | 1.200.000 | 57.152.591 | 12.200.000 |

# Skýringar

## 10. Lífeyrisskuldbindingar

### Lífeyrisskuldbindingar við LSR

Á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og samreknum stofnunum hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar úrskurður um lífeyri liggur fyrir en eftir það bera sambandið og samreknar stofnanir ábyrgð á allri hækkun lífeyris.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur til fjölda ára séð um launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (SS). Sökum þess hvíla lífeyrisskuldbindingar á kennitölu SSS sem tilheyra HES og SS. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2021 og uppreiknuð miðað við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til 31.12.2022 auk 2% vaxta. Í árslok nemur reiknuð lífeyrisskuldbinding á kennitölu SSS um 228,3 milljónum króna. Skuldbindingunni er skipt á milli SSS, HES og SS eftir því hlutfalli sem starfsmenn unnu fyrir hverja stofnun fyrir sig.

Eftir skiptingu nemur skuldbindingin fyrir starfsmenn SSS 68,3 milljónum króna í árslok 2022.

Hluti SSS í reiknaðri hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2022 nam um 5,9 milljónum króna.

### Lífeyrisskuldbindingar við Brú lífeyrissjóð

Hjá Brú lífeyrissjóð hvílir skuldbinding á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna launa starfsmanna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja

Fjárhæð skuldbindingarinnar þann 31.12.2022 nam 114,7 milljónum króna.

Á árinu 2022 eru gjaldfærðar 9,9 milljónir króna vegna reiknaðrar hækkunar skuldbindingarinnar á árinu 2022.

## 11. Reikningsskilaaðferðir

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

# Skýringar

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

# Skýringar

## 11. Reikningsskilaaðferðir frh.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

## Sérgreindur tekju- og gjaldareikningur ársins 2022

| | Rekstur SSS | Heklan - atvinnuþr. | Almanna-varnir | Almennings-samgöngur | Sóknar-áætlun | Fjölbrautar-skóli | Náttúrustofa Suðvestur-lands | Markaðsstofa Reykjaness | Nefnda-laun | Æskulýðs-mál | Svæðis-skipulag | Frú Ragnheiður á Suðurnsejum | Heilsugæslu-stöð lífskb. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | | | | | | | | | | |
| Framlög sveitarfélaga ........................... | 17.844.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.500.000 | 0 | 0 | | 6.129.679 | 26.473.679 |
| Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga ... | 40.789.267 | 0 | 0 | 0 | 3.819.856 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 44.609.123 |
| Önnur framlög ................................... | 19.553.612 | 54.726.240 | 0 | 0 | 116.065.307 | 0 | 3.500.000 | 9.500.000 | 0 | 0 | 0 | 1.500.000 | 0 | 204.845.159 |
| | 78.186.879 | 54.726.240 | 0 | 0 | 119.885.163 | 0 | 3.500.000 | 9.500.000 | 2.500.000 | 0 | 0 | 1.500.000 | 6.129.679 | 275.927.961 |
| **Gjöld** | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun og tengd gjöld ............................ | 45.853.725 | 49.871.184 | 938.196 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.304.110 | 0 | 0 | 0 | 0 | 101.967.215 |
| Breyting lífeyrisskldbindinga ................ | 15.830.881 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 15.830.881 |
| Önnur rekstrargjöld ........................... | 5.736.353 | 13.539.613 | 4.669.708 | 1.724.293 | 6.065.172 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6.114.730 | 0 | 5.992.390 | 43.842.259 |
| Styrkir ............................................. | 11.254.400 | 334.366 | 0 | 0 | 119.001.709 | 0 | 3.500.000 | 9.500.000 | 0 | 0 | 0 | 1.500.000 | 0 | 145.090.475 |
| Breyting á útlögðum kostnaði verkefna .. | (30.320.062) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (30.320.062) |
| Afskriftir fastafjármuna ....................... | 1.050.000 | | | | | | | | | | | | | 1.050.000 |
| | 49.405.297 | 63.745.163 | 5.607.904 | 1.724.293 | 125.066.881 | 0 | 3.500.000 | 9.500.000 | 5.304.110 | 0 | 6.114.730 | 1.500.000 | 5.992.390 | 277.460.768 |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | 28.781.582 | (9.018.923) | (5.607.904) | (1.724.293) | (5.181.718) | 0 | 0 | 0 | (2.804.110) | 0 | (6.114.730) | 0 | 137.289 | (1.532.807) |
| Fjármunatekjur .................................. | 1.824.411 | 0 | 0 | 1.451 | 40.406 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.866.268 |
| Fjármagnsgjöld .................................. | (8.977.064) | (40.707) | (290) | 0 | (6.533) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (9.024.594) |
| **Tekjuafgangur/(halli) ársins** | 21.628.929 | (9.059.630) | (5.608.194) | (1.722.842) | (5.147.845) | 0 | 0 | 0 | (2.804.110) | 0 | (6.114.730) | 0 | 137.289 | (8.691.133) |
| **Krafa / (skuld) í upphafi árs ........** | | (7.263.524) | (9.478.363) | 91.888.660 | (58.766.173) | 1.101.749 | 0 | 0 | (10.256.548) | 0 | 0 | 0 | 1.129.679 | 8.355.480 |
| **Krafa / (skuld) í lok árs ..............** | | 1.796.106 | (3.870.169) | 93.611.502 | (53.618.328) | 1.101.749 | 0 | 0 | (7.452.438) | 0 | 6.114.730 | 0 | 992.390 | 38.675.542 |
| | | (9.059.630) | (5.608.194) | (1.722.842) | (5.147.845) | 0 | 0 | 0 | (2.804.110) | 0 | (6.114.730) | 0 | 137.289 | (30.320.062) |